

REGLUR OG GJALDSKRÁ FYRIR SKÓLASKJÓL HVOLSSKÓLA

1. gr.

Skólaskjóið er fyrir börn í 1.– 4. bekk í Hvolsskóla. Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Skólaskjóls þurfa að sækja um fyrir börn sín skriflega hjá ritara skólans. Uppsögn skal berast skrifleg, með mánaðar fyrirvara frá foreldri/forráðamanni til ritara skólans. Eyðublað um skráningu, breytingu og uppsögn fæst hjá ritara. Hægt er að skrá barn í 1–5 daga í Skólaskjói í viku. Í Skólaskjói gilda skólareglur Hvolsskóla.

Frestur til að sækja um áskrift, breyta áskrift, segja upp áskrift og sækja um afslátt er til 15. hvers mánaðar. Breytingar taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum á eftir. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.

2. gr.

Boðið er upp á vistun í Skólaskjói alla virka daga á skólaárinu að loknum skóladegi. Einnig er opið á foreldradögum og starfsdögum þegar leikskólinn Örk er starfandi. Skrá þarf sérstaklega í vistun þá daga sem nemendur eru ekki í skóla og þarf skráning að berast 2 virkum dögum fyrir tilsettan dag. Kostnaður fyrir þá daga eru krónur 2.183.-. Opnunartími Skólaskjóls er frá því skóla lýkur til kl. 17.00 alla daga nema föstudaga, þá daga er opið til kl. 16:00. Þá daga sem eru ekki nemendadagar í skólanum opnar Skólaskjóið kl. 8.

Fyrir fulla vistun í Skólaskjói greiðast kr. 10.026,-. Fyrir síðdegishressingu í fullri vistun er greitt kr. 2.766,-.

3. gr.

Rangárþing eystra sendir greiðsluseðil vegna þjónustugjalda mánaðarlega. Gjald fyrir skólaskjól er greitt eftir á og er gjalddagi síðasti dagur mánaðarins sem rukkað er fyrir. Gjald dagi er síðasti dagur mánaðar og eindagi 15. dagur næsta mánaðar. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4. gr.

Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjöldum nema um veruleg forföll sé að ræða og skal það metið í hverju tilfelli fyrir sig af skólastjóra. Tilkynna þarf forföll í Skólaskjói til ritara skólans. Umsjónarmaður í Skólaskjói heldur dagbók yfir þá sem nýta Skjóið. Sími í Skólaskjói er 841-8604 og hjá ritara Hvolsskóla 488-4240.

5. gr.

Ef foreldrar/forráðamenn barna í Skólaskjói eru jafnframt með barn í leikskóla í Rangárþingi eystra, er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi. Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö börn í Skólaskjói er veittur 50% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barnið. Ef tvö börn eru í Skólaskjói auk barns í leikskóla er veittur 25% afsláttur fyrir annað barnið í og 50% afsláttur fyrir hitt barnið í Skólaskjói. Ekki er gefinn afsláttur af síðdegishressingu.

Gjaldskrá gildir frá 1. janúar 2023



Anton Kári Halldórsson

sveitarstjóri Rangárþings eystra



Sími: 488 4200
hvolsvollur@hvolsvollur.is
hvolsvollur.is

Sveitarstjóri Rangárþings eystra

Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur
kt. 470602-2440